

**Nd.**

**424. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:  
Ennfremur af trjávið, sem notaður hefir verið í kassa utan um fisk til útflutnings.

2. gr.

Á eftir c-lið 3. greinar laganna bætist nýr liður, er verður d-liður, svo hljóðandi:  
Að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, að viðbættum 20% af tollinum, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.